


## Mýrdalur, grösugur og hlýr

Mýrdalur, syðsta sveit Íslands, afmarkast af Jökulsá á Sólheimasandi í vestri og Blautuhvísl á Mýrdalssandi í austri. Í norðri er Mýrdalsjökull með eldstöðina Kötlu og í suðri sendin strönd Atlantshafsins. Mýrdalurinn er landbúnaðarhérað með um 500 íbúa, þar af búa um 300 í þéttbýlis- og þjónustukjarnanum Vík.

## Reynisdrangar

Samkvæmt þjóðsögunni urðu Reynisdrangar til með þeim hætti að tvö tröll ætluðu að draga þrímastrað skip að landi en dögudu uppi og urðu að steinum. Drangarnir, sem eru 66 metra háir þar sem þeir eru hæstir, rísa úr sjó fram undan Reynisfjalli og sjást vel frá Vík.



# Regnboginn- list í fögru umhverfi

Mýrdælingum, ungum sem öldnum, hér búsettum sem brott fluttum, gestum og gangandi er boðið til menningarveislu. Sett hefur verið saman metnaðarfull og ævintýrleg dagskrá sem vekur athygli á umhverfi, sögu og mannlífi í Vík og nágrenni, en hvetur einnig til aukinna tengsla og myndar jarðveg fyrir frjóar hugmyndir til eflingar samfélagsinu og til yndisauka fyrir íbúa og gesti.

Að listiðkun og listupplifun eflist þarf vart að taka fram. Í því efni veitir menningarveislan ný og dýrmæt tækifæri fyrir alla sem vilja nýta sér þau.

Með Menningarveislunni sameinast Mýrdælingar í að koma á fót fjölbreyttri menningardagskrá, sem íbúum og gestum er boðið að upplifa í fögru umhverfi Víkur.

Þökk sé sameiginlegu átaki einstaklinga, fyrirtækja og stofnana er aðgangur að öllum atriðum hátíðarinnar ókeypis, myndarlegur stuðningur fyrirtækja og sjóða sýnir góðan hug til samfélagsins.

Vík á afmæli, nú á árinu 2007 eru 120 ár liðin frá því að Vík varð löggiltur verslunarstaður. Stofnun verslana í Vík markar upphaf þéttbýlismyndunar. Halldór Jónsson bóndi í Suður-Vík byrjaði að versla 1884, fyrstu vörusendingunni var skipað var upp í Víkurfjöru 13. júlí 1885 og næstu 40-50 árin komu fleiri eða færri vöruskip til Víkur árlega allt þar til flutningar með bílum tóku við.

Bryde kaupmaður reisti hér verslunarhús 1895 og Halldór Jónsson byggði yfir verslun sína 1903 – bæði hús sem standa enn, Brydebúð með fullri reisu en hús Halldórsverslunar bíður þess að verða sýnd tilhlýðileg virðing.

Aukin umsvif verslananna kallaði á starfsfólk og byggðin tók að myndast. Því má með réttu miða fæðingu Víkurkaupþúns við árið 1887. Það er vel við hæfi að stofnað sé til myndarlegrar menningarveislu á afmælisárinu og er hluti hátíðarinnar helgaður þessu tilefni.

Menningarveislan Regnboginn, er samstarfsverkefni Menningarmálanefndar Mýrdalshrepps, Grunnskólans, Tónskólans, sóknarnefndar Víkursóknar og fyrirtækja í Mýrdalshreppi.

Aðstandendur Regnbogans þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóginn til að gera þetta að veruleika. Öll fyrirtæki og sjóðir sem við leitum til, tóku okkur af mikilli jákvæðni og áhuga. Hafið heila þökk fyrir það, án ykkar framlags hefði þetta ekki orðið að veruleika.

Verið velkomin og njótið helgarinnar.

Sif Hauksdóttir

Kristinn Jóhann Níelsson

Helga Halldórsdóttir

# Listamenn & viðburðir

Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands 2005. Hún hefur tekið þátt í ýmsum leiksýningum. Þá hefur hún tekið að sér leikstjórn ýmissa hópa m.a. götuleikhús og uppsetningu Menntaskólans á Laugarvatni sl. vetur. Hún mun halda leiklistarnámskeið fyrir nemendur grunnskólans og sýna afrakstur þess í dagskrá helgarinnar

Halldór Unnar Ómarsson hefur numið söng við Tónlistarskólann í Reykjavík sl. 4 ár. Hann hefur tekið þátt í uppfærslum á vegum skólans og sungið með Mótettukór Hallgrímskirkju. Halldór Unnar syngur einsöng á hátíðardagskrá laugardagsins. Undirleikari er Kitty Kovács

Kitty Kovács er píanóleikari og Balázs Stankowsky fiðluleikari. Þau koma frá Ungverjalandi og voru bæði ráðin kennarar við Tónskóla Mýrdælinga nú í haust. Þau munu leika saman á fiðlu og píanó.

Kristín Marti Kasparsdóttir grunnskólakennari sér um myndlistarnámskeið fyrir nemendur grunnskólans og uppsetningu myndlistarsýningar í Leikskálum.

Nemendur Grunnskóla Mýrdalshrepps unnu sl. vor að upptökum á geisladiski undir stjórn Önnu Björnsdóttur tónmenntakennara. Diskurinn kom út nú í haust og munu nemendurnir kynna diskinn á hátíðinni.

Djangótríóið Hrafnaspark heldur námskeið fyrir nemendur tónskólans og koma þeir nemendur fram með Hrafnasparki og gefa gestum tónðæmi frá námskeiðinu. Þá kemur Hrafnaspark einnig fram með eigið efni.

Hljómsveitin Tónabræður er ein ástsælasta hljómsveit okkar Mýrdælinga. Þeir félagar munu stíga á stökk og sýna að þeir hafa engu gleymt. Að þeirri dagskrá koma einnig harmonikkuleikarar, hagrýðingur og Sólstofukvintett lýðveldisins.

Í tilefni 120 ára afmælis verslunar í Vík setur Byggðasafnið í Skógum upp sýningu á Hótel Lunda og þar mun Sigþór Sigurðsson í Litla-Hvammi flytja erindi um sögu verslunar í Vík.

Ljósmynda- myndlista- og handverkssýningar verða í Leikskálum, Halldórskafti, Víkurskála og víðar þar sem fjölmargir heimamenn sýna listverk sín.



# Regnboginn - Dagskrá

**-Brydebúð-  
Myndlistarsýning**

**GÖTULEIKHÚS**

## Föstudagur 5. október

Kl. 20:00 Veislan sett á Hótel Lunda með opnun sýningar í tilefni 120 ára afmælis verslunar í Vík. Sigþór Sigurðsson flytur fróðlegt erindi.

Kl. 22:00 Ströndin í Víkurskála. Tónleikar Kristjönu Stefánsdóttur og hljómsveitar.

Aðgangur ókeypis.

## Leirbrot og gler.

Opið hús - Bakkabraut 6.

Laugardag og sunnudag kl. 11:00-20:00  
Rófusúpa frá Þórisholti á laugard. kl. 14-15.

**HANDVERK**

## Sunnudagur 7. október

Kl. 15:00 Víkurkirkja.  
Tónleikar Guðrúnar Gunnarsdóttur.  
Undirleikari: Valgeir Skagfjörð.  
Aðgangur ókeypis.

**LJÓSMYNDIR**

Norður-Vík. Kaffi og handverk. Laugardag kl. 11:00-14:00  
Tækni- og myndlistarsamkeppni

## Laugardagur 6. október

Kl. 15:00 Hátíðardagskrá í Leikskálum.

Flytjendur: Nemendur grunnskólans, Kitty Kovács og Bal-Balázs Stankowsky, Halldór Unnar Ómarsson, Djangótríóið Hrafnaspark og nemendur tónskólans.  
Afhending umhverfisverðlauna.

Kl. 20:00 Halldórskaffi. Blönduð dagskrá.

Hagyrdingur, Nikkurnar þandar, Sólstofukvintett lýðveldisins, meira Hrafnaspark og Tónabræður.

Aðgangur ókeypis.

**Djangónámskeið** fyrir alla  
í Tónskólanum á laugard.  
kl.10:00-13:00

Allar upplýsingar um Regnbogann er hægt að sjá á heimasíðu Mýrdalshrepps.

[www.vik.is](http://www.vik.is)

# Styrktaradilar Regnbogans 2007

Vík á milli vina ehf.  
Rafsuð ehf.  
Ögmundur Ólafsson ehf.  
Hrafnatindur ehf.  
Víkurprjón ehf.  
Sambýlið Kerlingadal  
Hótel Dyrhólaey  
Hótel Höfðabrekka  
Gistiheimilið Norður-Vík  
Tjaldstæðið Þakgil  
Gistiheimilið Ársalir  
Fagradalsbleikja ehf.  
Ferðaþjónusta Sólheimahjáleigu  
Ferðaþjónusta Völlum  
Smári Tómasson - Vélaverkstæði  
Auðbert og Vigfús Páll ehf.  
Ferðaþjónusta Steig  
Hárgreiðslu- og snyrtistofan í Vík  
Hundasleðaferðir [www.dogsledding.is](http://www.dogsledding.is)  
Menningarmálanefnd Mýrdalshrepps  
Menningarsjóður Félagsheimila  
Víkursókn- Héraðssjóður Skaftafellsprófastsdæmis  
Dyrhólaferðir- [www.dyrholaey.com](http://www.dyrholaey.com)

BVT ehf.  
Trévík ehf.  
Vitinn  
Bíladrangur ehf.  
Leirbrot og gler  
Gullroði ehf.  
Framrás ehf.  
Klakkur efh.  
Mýrdælingur ehf.  
Bensínorkan ehf.

**Hótel Lundi.** Tilboð í mat og gistingu. Sími: 487-1212

## Halldórscaffi

Opið: Föstudagur 18:00-02:00  
Laugardagur 12:00-02:00  
Sunnudagur 14:00-20:00

## Hótel Vík - Víkurskáli

Tilboð á mat og gistingu þessa helgi. S. 487-1230.

**Kjarval** - Opið laugardag 10:00-13:00

**Kaupping-** Ránarbraut 1, 870 Vík. S. 488-4050

## Snjósleðaferðir Mýrdalsjökli.

S. 487-1500 / 893-3445.

[www.snow.is](http://www.snow.is)



# Kristjana Stefánsdóttir & hljómsveit



Kristjana er ein fremsta djassöngkona Íslands. Hún lauk námi með láði í djasssöng frá Konunglega Listaháskólanum í Haag í Hollandi vorið 2000 undir handleiðslu Rachel Gold, en áður hafði hún lokið sögnámi við Söngskólann í Reykjavík og sótt einkatíma hjá Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Sigríði Ellu Magnúsdóttur.

## Guðrún Gunnarsdóttir



Guðrún er án efa ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar, hún hefur þegar gefið út tvær sólóplötur og sungið inn á fjöldan allan af plötum. Einnig hefur hún nokkrum sinnum staðið á sviði fyrir hönd Íslands í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Undirleikari Guðrúnar á tónleikunum er Valgeir Skagfjörð. Hann er leikari, leikstjóri og tónlistarmaður.



## Hrafnaspark

Hrafnaspark er hljómsveit sem sérhæfir sig í sígaunadjassi í anda Django Reinhardt. Tríóið var stofnað í maí árið 2001 og hefur frá upphafi verið skipað þeim Péttri Ingólfssyni kontrabassaleikara, Jóhanni Guðmundssyni gítarleikara og Ólafi Hauki Árnasyni gítarleikara.



## Sólstofukvintett Lýðveldisins

Sólstofukvintett Lýðveldisins er hópur tónlistarfólks frá Kirkjubæjarklaustri og Vík, sem leikur ástkæru og ylhýru lögin í útsetningum Guðmundar Óla Sigurgeirssonar.

Sólstofukvintettinn skipa þau Anna María Torfadóttir, flauta, Brian Haroldsson, selló, Guðmundur Óli Sigurgeirsson, harmonikka og blokkflauta, og Kristinn Jóhann Nielsson, fiðla.

